
Allt að 520.000m³ efnistaka við Eyri í Reyðarfirði

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 7. desember 2017 barst Skipulagsstofnun tillaga Fjarðabyggðar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar allt að 520.000 m³ efnistöku úr sjó við Eyri í Reyðarfirði samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGD FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Tillaga að matsáætlun fyrir fyrirhugaða efnistöku við Eyri í Reyðarfirði skv. lögum nr. 106/2000. Alta, nóvember 2017.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Fjarðabyggð með bréfi dags. 17. janúar 2018.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 8. janúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 19. desember 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 4. janúar 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. janúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 21. og 22. janúar 2018.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Landslag á hafsbotni

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að mikilvægt sé að skilja þannig við efnistöku að nýjar hlíðar á hafsbotni verði stöðugar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig vinnslu og frágangi efnistökusvæðisins verði háttað þannig að sem minnstar líkur séu á hruni úr nýjum setbrúnum og neikvæð umhverfisáhrif verði í lágmarki.

Líf á hafsbotni

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að helstu áhrif efnistökkunnar verði á botndýralíf og búsvæði þar sem þau muni hverfa við efnistöku.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvers konar botndýralíf og samfélög þeirra finnast á efnistökusvæðinu við Eyri. Hvert sé verndargildi þeirra og hvaða áhrif efnistakan muni hafa á afdrif þeirra. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvort hugsanlegt sé að samlegðaráhrifa af völdum efnistöku og fiskeldis geti gætt á botndýr.



Tímatakmörkunir á efnisvinnslu

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar var bent á að atferli eða búsvæðaval göngufiska í Reyðarfirði væri ekki þekkt. Því mælist stofnunin til þess að efnistakan fari fram utan viðkvæmasta tíma.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig verði brugðist við ábendingu Hafrannsóknastofnunar um að efnistakan fari fram utan þess tíma sem er viðkvæmastur fyrir göngufisk.

Löndun efnis

Ekki kemur fram í tillögu að matsáætlun hvar efni verður landað. En fram kemur að tilgangurinn sé fyrst og fremst að sjá fyrir nægjanlegu efni vegna hafnarframkvæmda í Fjarðabyggð.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu löndunarstöðum sem til greina koma sem og umhverfisáhrifum löndunar á viðkomandi stöðum.

Áhrif á fiskeldi

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í Reyðarfirði séu fiskeldissvæði beggja vegna fyrirhugaðs efnistökusvæðis.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fjarlægð efnistökusvæðis frá fiskeldissvæðum. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum efnistökkunnar og tilheyrandi gruggmyndun á núverandi og fyrirhugað fiskeldi á nálægum svæðum.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Fjarðabyggðar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig vinnslu og frágangi efnistökusvæðisins verði háttað þannig að sem minnstar líkur séu á hruni úr nýjum setbrúnum og neikvæð umhverfisáhrif verði í lágmarki.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvers konar botndýralíf og samfélög þeirra finnast á efnistökusvæðinu við Eyri. Hvert sé verndargildi þeirra og hvaða áhrif efnistakan muni hafa á afdrif þeirra. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvort hugsanlegt sé að samlegðaráhrifa af völdum efnistöku og fiskeldis geti gætt á botndýr.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig verði brugðist við ábendingu Hafrannsóknastofnunar um að efnistakan fari fram utan þess tíma sem er viðkvæmastur fyrir göngufisk.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu löndunarstöðum sem til greina koma sem og umhverfisáhrifum löndunar á viðkomandi stöðum.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fjarlægð efnistökusvæðis frá fiskeldissvæðum. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum efnistökkunnar og tilheyrandi gruggmyndun á núverandi og fyrirhugað fiskeldi á nálægum svæðum.



Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 21. mars 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson